

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2001 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 9. janúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 5.000, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innfalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 7000,
2. fyrir 500 l gám kr. 17.000,
3. fyrir 660 l gám kr. 20.000.

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins í áhaldahúsi.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 10.526,
2. fyrir 500 l gám kr. 23.902,
3. fyrir 660 l gám kr. 31.578.

Fyrirtæki sem óska eftir að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins í áhaldahúsi.

Reikningur fyrir þjónustuna er gefinn út í lok árs á grundvelli samnings um þjónustuna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 314. fundi, 6. desember 2000, með vísun til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ, nr. 589/1998, með síðari breytingu, nr. 886/2000.

Mosfellbæ, 4. janúar 2001.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð. Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir :

Íbúðir og fyrirtæki í þéttbýli	kr.
sorpgjald hver eining (160 l)	9.850
Íbúðir í dreifbýli, sumarbústaðir og hús	3.950
Fyrirtæki sem ekki hafa sorpílát	3.950

Þeir sem leigja eða reka eigin sorpílát skv. 2. mgr. 3. gr. samþykktar um sorphirðu í Dalabyggð eru gjaldfrjálsir.

3. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt að hækka eða lækka alla gjaldskrárliði í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við gildandi vísitölu í nóvember ár hvert. Grunnvísitalan er 245,5 stig.

4. gr.

Gjöld sem lögð eru á skv. gjaldskrá þessari hafa lögveðsrétt í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá frá 23. janúar 1996 vegna sorphirðu í Dalabyggð.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 19. desember 2000.

Búðardal, 3. janúar 2001.

Einar Mathiesen sveitarstjóri.